

Nd.

650. Breytingartillögur

[170. mál]

við frv. til l. um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
Sjávarútvegsráðgjafi skipar fiskmatsstjóra, deildarstjóra og yfirfiskmatsmenn að fengnum umsóknum og meðmælum.
Við skipun deildarstjóra, yfirfiskmatsmanna og ráðningu annarra starfsmanna við Fiskmat ríkisins skal leitað álits væntanlegs yfirmanns starfsmanns þess, sem hlut á að máli.
2. Við 10. gr. Síðasta mgr. orðist svo:
Kaup fiskmatsmanna fyrir störf þeirra og annan kostnað af störfum þeirra við fiskmatid greiði eigendur fisksins þeim, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð um störf fiskmatsmanna.
3. Við 11. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Fiskmatsstjóri, deildarstjórar og yfirfiskmatsmenn hafa skyldur . . . o. s. frv.
4. Við 13. gr. Við greinina bætist:
Hleðslustjórar skulu hlíta fyrir mælum yfirfiskmatsmanna um hleðslu skipa að því er varðar mat, gæði, útlit og merkingu vörunnar.
Lögreglustjóri löggildir hleðslustjóra samkvæmt tilnefningu fiskmatsstjóra og sér um, að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.
5. Við 17. gr. Greinin falli niður.